


AFSTÖÐUMYND
Mkv. 1:500




KORTMYND
Ekki í kvarða

## BYGGINGARLÝSING:

Hér er um að ræða íbúðarhús, matshluta 01 á jörðinni Hæll 3 Ljóskolluholt í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

| | |
|---|---|
| Landnúmer | L166571 |
| Staðgreinir | 8720-4-0041000 |
| Stærð jarðar | 137.1 hektari |
| Flatarmál húss | 143.3 m² |
| Nýtingarhlutfall lóðar | 0.0001 |
| Rúmmál húss | 526.3 m³ |

Í gildi er deiliskipulag svæðisins, staðfest af sveitarstjórn 4.11.2020. Heimilt er að byggja tvö 400 m² íbúðarhús með mænishæð allt að 8.0 m innan byggingareitsins. Aðkoma er af Hlíðarvegi.

Í húsinu er gert ráð fyrir þremur íbúum. Aðgengi fyrir hreyfihamlaða er að einu svefnherbergi, baðherbergi auk alrýmis. Umferðamál hurða koma fram á grunnmynd. Geymsluskápar eru í alrými. Rými íbúðar fullnægir kröfum byggingareglugerðar 112/2012 miðað við áætlaðan fjölda íbúa.

**UNDIRSTÖÐUR OG GÓLFPLATA** eru úr járnbentri steinsteypu.

**YFIRBYGGING:** Útveggir eru úr timbri C18 45/145. Þakvirki er kraftsperrur úr timbri.

**EINANGRUN:** Veggir: 150 mm steinull. Þak 200 mm steinull. Undir gólfplötu 100mm polystyren. Utan á sökklum 25 mm steinull til þess að rjúfa kuldabrú. U-gildi húss skv. meðfylgjandi töflu.

Kólnunartölur ($W/m^2 K$)

| | Krafa | Reiknað |
|---|---|---|
| Gólf | < 0.30 | 0.24 |
| Þak | < 0.20 | 0.19 |
| Útveggir | < 0.30 | 0.21 |
| Vegið meðaltal útveggja | < 0.85 | 0.51 |

**LOFTRÆSTING KLÆÐNINGA OG ÞÉTTLEIKI:**
Útloftun þaks skal minnst vera 1000mm²/m² þaks (Samsvarar rörum Ø40 c200). Útveggjaklæðninar verða loftræstar með minnst 25mm loftbili innan við ystu klæðningu. Rakasperra komi innan við einangrun í þaki og á útveggjum. Þéttleiki rakasperru ekki lakari en ákvæði byggingarreglugerðar (13.5.1).

**UTANHÚSS KLÆÐNINGAR:** Klæðning veggja og þaks verður báruð málmklæðning.

**INNANHÚS KLÆÐNINGAR OG LÉTTIR VEGGIR:** Innveggir verða klæddir gifsi og spónaplötum á timbur eða blikkgrind. Klæðningar íbúðar uppfylla ekki lakari brunakröfur en í flokki 2.

**GLUGGAR og HURÐAR** eru úr timbri/áli með tvöföldu einangrunargleri. Öryggisgler verður í gólfsíðum opum í samræmi við RB-blað (31).121.1.

**BRUNAVARNIR** eru merktar inn á uppdrætti A01. Fimm hurðar eru úr íbúð og undir bert loft. Björgunarop um opnanleg fög eru á gluggum svefnherbergja þar sem ekki er útihurð. Reykskynjarar alls hússins verða samtengdir.

**VOTRÝMI:** Gólf votrýma verða lögð vatnsheldum hálkufríum efnum og halla að öryggisniðurföllum.

**LOFTRÆSTING:** Í öllum rýmum er loftræsting náttúruleg um opnanleg fög. Auk þess verður vélrænt útsog úr baðherbergi.

**INNTÖK** fyrir neysluvatn og hitaveitu eru staðsett í þvottahúsi.

**UPPHITUN** verður með gólfhitakerfi tengdu hitaveitu. Einnig verða til staðar tvær kamínur.

**NEYSLUVATN** verður lagt í eða undir steypta plötu með PEX-lögnum í hlífðarkápu að töppunarstað. Gætt verður að því að hiti vatns við töppunarstað sé minni en 65 C°.

**FRÁRENNSLI:** Skolplagnir eru lagðar undir steyptri plötu og tengjast rotþró. Lágmarksstærð 3000 lítrar. Þak- og jarðvatn er leitt í siturlögn eða púkk. Frágangur rotþrór og siturlagna skal vera skv. reglugerð 797/1999 og leiðbeiningum Umhverfisstofnunar um rotþrær og siturlagnir (4.útg nóv. 2003).

**RAFLAGNIR** eru huldar bak við klæðningu veggja og lofts. Rafmagnstafla er staðsett í þvottahúsi.

**SORP** er afsett í tunnur, flokkað skv. fyrirmælum sveitarfélagsins og haft aðgengilegt sorpbílum. Möguleg staðsetning er sýnd á afstöðumynd.

**ELDSTÓ** (kamína) verður til staðar. Fyrirhugað er að setja upp tvær kamínur til upphitunar. Gengið verður frá þeim skv. leiðbeiningum MVS nr 192.BR1 um eldstæði og reykháfa. Hæð reykröra frá þaki verður lóðrétt >0.8 m og lárétt >3.0 m. Í svefnherbergi verða settar upp tvær loftunartúður til að tryggja aðstreymi fersks lofts. Komið verður fyrir kolmónoxíðskynjara.

**BÍLASTÆÐI** eru minnst tvö við íbúðarhúsið og gert verður ráð fyrir rafhleðslustöð.

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita
Sambykkt
05. maí 2021
f.h. Byggingarfulltrúi

20213010

HÖNNUÐUR Sig U. Sig

HÖNNUNARSTJÓRI Sig U. Sig

LJÓSKOLLUHOLT L166571
SKEIÐA- OG GNÚPVERJAHREPPI
ÍBÚÐARHÚS

SIGURÐUR UNNAR SIGURÐSSON 290772-4279 VERKFRÆÐINGUR

AÐALUPPDRÁTTUR
BYGGINGARLÝSING - AFSTÖÐUMYND

HANNAÐ/TEIKNAÐ: SUS / VMÁ DAGS: 14.12.20 Mkv: 1:500 á A1 TEIKN. NR: A02